

Nefndasvið Alþingis
Bt. umhverfis- og samgöngunefndar

Reykjavík, 27. nóvember 2019

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum (316. mál, þingskjal 357, 150. löggjafarþing)

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa með síðari breytingum (hér eftir áhafnalög).

Samtökin taka undir þær breytingar sem lagt er upp með að gera á áhafnalögunum samkvæmt frumvarpinu.

Megin ástæða þess að þurft hefur að sækja sérstaklega um heimild til að vera án stýrimanns og/eða vélavarðar á skipum sem falla undir 12 gr. áhafnalaga nr. 30/2007 þegar útivist er skemmri en 14 klst. á hverjum sólarhring er að með því er hægt að hafa skilvirkt eftirlit. Reglurnar eru settar til að tryggja öryggi sjófarenda og jafnframt að tryggja svo sem við verður komið að vinnutímaákvæði 64. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 séu ekki brotin. Þetta á við um öll skip og báta sem falla undir áhafnalögin.

Útgerðir báta og skipa sem falla undir ákvæði 12. gr. geta sótt um fráviksheimild eftir því sem við á. Á hinn bóginn, þar sem hér er um að ræða skýrt heimildaákvæði þar sem að allir sem uppfylla sett skilyrði eiga rétt á að nýta sér, mætti einfalda ferlið með því að fela Samgöngustofu að annast verkið í stað Mönnunarnefndar. Samtökin óska því eftir að gerðar verði frekari breytingar þess efnis að b-liður 1. mgr. 12. gr. og 3. tölul. 3. mgr. sömu greinar verði breytt með það fyrir augum að skip undir 24 metrum þurfi ekki sérstaka heimild mönnunarnefndar, en þess í stað Samgöngustofu, til að vera án stýrimanns eða vélavarðar ef útivera þess fer ekki fram úr 14 klst.

Hvað þjónustubáta sjókvíaeldis varðar má benda á að starfsemi og farsvið slíkra báta er um margt eðlisólíkt í samanburði við fiskibáta og stóran hluta tímans eru slíkir bátar bundnir við kvíar eða pramma við hefðbundin rútinustörf. Daglegur útivistartíma er sömuleiðis vel innan við 14 klukkustundir hverju sinni. Því er mikilvægt að áform um breytingar sem hér eru til umsagnar nái til þjónustubáta sjókvíaeldis.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

